

Mál: Hólmaslóð (byggingarleyfisumsókn).

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. september 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. september 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, setja lyftu og stigagang, ásamt endurnýjun á gluggum og hurðum í útvegg í mhl. 01 í húsi nr. 6 við Hólmaslóð.



Loftmynd og kort af Hólmaslóð 6 og nágrenni



Séð á Hólmaslóð 6

Skipulagsleg staða

Hólmaslóð 6 er skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 á skilgreindu hafnarsvæði H2 – Örfirisey – Hafnir.

Gert er ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreiningu athafnasvæða, sbr. skipulagsreglugerð. Fjölbreyttari landnotkun er þó heimil við Fiskislóð og Grandagarð, samkvæmt ákvörðun þar um í deiliskipulagi, s.s. verslun, þjónusta og fínlegri atvinnustarfsemi. Gististaðir í flokki II og III geta verið heimilir, sbr. ákvörðun í deiliskipulagi. Ekki er heimilt að opna nýjar matvöruverslanir á ofangreindum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir stækkun/fjölgun matvöruverslana (stórmarkaða) og skal slík starfsemi vera víkjandi á svæðinu.

Í gildi er deiliskipulag Vesturhafnar - Örfirisey, ásamt síðari breytingum. Það afmarkast af hafi á 3 vegu en Grandatorgi til suðvesturs og var samþykkt þann 21. október 2015 í umhverfis- og skipulagsráði og 3. nóvember í borgarstjórn. Þar er Hólmaslóð 6 á skilgreindu svæði fyrir hafnsækna starfsemi / athafnasvæði (HAT). Gerð var breyting á deiliskipulagi fyrir Hólmaslóð 6 árið 2019.

Umsögn/niðurstaða

Í byggingarleyfisumsókninni er útfærsla á lóð byggð á mæliblaði frá árinu 2005. Það mæliblað er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag frá árinu 2015, eða núverandi gatnakerfi við Hólmaslóð. Hönnun og útfærsla lóðar þarf að vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Uppfæra þarf mæliblað og byggingarleyfisumsókn til samræmis við deiliskipulagsupphrátt.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.